



Velferðarráð

Forvarna- og aðgerðaráætlun Reykjavíkur 2024-2027 - kynning

Lögð er fram til kynningar *Forvarna- og aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar 2024-2027* sem unnin er út frá einni af aðgerðum Lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar, Heilsuborgin Reykjavík: „*Borgin sem ég vil búa*“ og var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 5. október 2021. Leiðarljós stefnunnar eru að áhersla á lýðheilsu sé ofin inn í alla starfsemi og stefnumörkun Reykjavíkur og að öll forvarnarvinna byggji á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

Helstu áherslur áætlunarinnar eru fjölbreytileiki, verndandi þættir og jákvæð samskipti, góð líðan og forvarnir gegn ofbeldi. Þá er tekið er mið af áherslum verkefnisins *Betri borg fyrir börn* þar sem horft er heildstætt á líf þeirra með mikilvægan stuðning eins og birtist í forvarnarstarfi.

Forvarnarstarf fer fram í nánasta umhverfi barna og ungmenna þar sem skóla- og frístundastarf gegnir mikilvægu hlutverki. Miðstöðvar borgarhlutanna gegna lykilhlutverki við að tryggja samhæfingu og samstarf þeirra aðila sem styðja börn, ungmenni og foreldra þeirra í hverfum borgarinnar. Miðstöðvarnar útvega jafnframt sérfræðiþekkingu sem til þarf við staðbundnar áskoranir í forvörnum.

Hér er um að ræða áætlun sem verður lögð til grundvallar við úthlutun á fjármagni til forvarnarverkefna. Byggt er á sterkum grunni og ríkri hefð fyrir forvarnarvinnu í Reykjavík og Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar 2014-2019. Við vinnu forvarnaráætlunar var stuðst við fyrirbyggjandi gögn, viðtækt samráð og samtal við hagsmunaaðila þar sem markmiðið er að bregðast við helstu áskorunum sem eru til staðar í forvarnarmálum varðandi börn og ungmenni í Reykjavík. Sérstaklega var hugað að samhæfingu við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, velferðarstefnu Reykjavíkurborgar, menntastefnu Reykjavíkurborgar, stefnu Reykjavíkurborgar um frístundaþjónustu, íþróttastefnu Reykjavíkurborgar og verkefni Heilsuefandi samfélags.

Eftirfylgni með forvarnaráætluninni er á ábyrgð forvarnarfulltrúa sem heyrir undir *Betri borg fyrir borg*. Samhæfing forvarna fer fram í forvarnarteymi Reykjavíkurborgar sem vinnur þvert á svið borgarinnar m.a. í tengslum við samþættingarverkefnið *Betri borg fyrir börn* og áhersluna á farsæld barna. Árangur af forvarnarstarfinu verður metinn reglulega með rannsóknnum sem Reykjavíkurborg hefur aðgang að.

Forvarnaráætlun þessi er fjármögnuð að stærstum hluta úr fjárhagsramma. Einnig er hægt að sækja um styrki fyrir einstökum verkefnum í sjóði eins og forvarnarsjóð Reykjavíkurborgar,



Reykjavíkurborg

Lýðheilsusjóð heilsueflandi hverfa Reykjavíkurborgar og Lýðheilsusjóð Embættis landlæknis.
Fjármögnun á einstökum verkefnum tekur mið af fjárhagsáætlun hverju sinni.

Harpa Þorsteinsdóttir
verkefnastjóri lýðheilsu

Hjálagt:

Forvarna- og aðgerðaráætlun Reykjavíkur 2024-2027 - Drög